

Umsögn fulltrúa Samfylkingar og Viðreisnar í íbúaráði Miðborgar og Hlíða um tillögu að umferðarskipulagi Kvosarinnar

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 22. september 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs með umsagnarbeiðni um tillögu að umferðarskipulagi Kvosarinnar.

Samþykkt var að fela formanni íbúaráðs Miðborgar og Hlíða að gera umsögn fyrir 5. október n.k., sem verður lögð fram til staðfestingar á næsta fundi íbúaráðsins. Íbúaráð Miðborgar náði ekki saman um sameiginlega umsögn og því sendast umsagnir í tvennu lagi.

Umsögn fulltrúa Samfylkingar og Viðreisnar í íbúaráði Miðborgar og Hlíða um tillögu að umferðarskipulagi Kvosarinnar:

Eftirfarandi fulltrúar í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða, Margrét M. Norðdahl og Diljá Ámundadóttir Zoega styðja við framtíðarsýn fyrir umferðarskipulag Kvosarinnar. Markmið breytinganna líkt og kemur fram í kynningu er að stuðla að bættu aðgengi og öryggi gangandi vegfarenda, hreyfihamlaðra og þjónustuaðila ásamt því að auðga mannlíf og vöxt miðborgarinnar. Einnig eru breytingar sem fara á í gerðar til þess að fækka slysum á fólki sem bifreiðar valda. Það þykja okkur góð markmið og mikilvæg.

Eitt sinn var Kvosin eitt stórt samrými en skipulagið þróaðist yfir í að vera akbrautir og bílastæði fyrir bifreiðar. Það kemur fram í skýrslu um rannsókn á notkun á almenningsrými útfrá þróun byggðarmynsturs, sögu, notkunar og upplifun notenda. En skýrslan var unnin af sérfræðingum í umhverfissálfræði, sögu borgarþróunar og arkitektúr. Þessi áform og framtíðarsýn miða að því að svæðið verði aftur að samrými.

Við óskum eftir því að markvisst verði unnið með hugmyndafræði algildrar hönnunar í öllum breytingum og lagfæringum á svæðinu.

Við viljum bæta því við að það verði settir margir bekkir á svæðið til þess að fólk geti hvílt sig og að gert verði kort af P-stæðum á svæðinu og það gert aðgengilegt á vefsvæði borgarinnar.

Einnig að hugað verði að skapandi leikmöguleikum fyrir börn á svæðinu.